

7. nóvember 2024

UMBOÐSSAMNINGUR

milli

Kröfuhafa,

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

og

LOCAL lögmenn slf.

15.000.000.000 ÚTGÁFURAMMI ÚTGERÐARFÉLAGS REYKJAVÍKUR HF.
ÓVEÐTRYGGÐ ÚTGÁFA SKULDASKJALA

EFNISYFIRLIT

1. AÐILAR	3
2. INNGANGUR	3
3. SKILGREININGAR.....	3
4. STAÐA OG HÆFI UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA	4
5. HLUTVERK OG SKYLDUR UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA.....	5
6. BOÐUN KRÖFUHAFAFUNDA	6
7. TILHÖGUN KRÖFUHAFAFUNDA	6
8. ATKVÆÐISRÉTTUR Á KRÖFUHAFAFUNDUM	7
9. ÁKVARÐANATAKA Á KRÖFUHAFAFUNDUM	7
10. BREYTINGAR Á UMBOÐSMANNI KRÖFUHAFA	7
11. SKAÐABÓTAÁBYRGÐ	8
12. TRÚNAÐUR	9
13. BREYTINGAR OG TILKYNNINGAR	9
14. ÞÓKNUN UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA	9
15. LÖG OG VARNARÞING.....	9
16. GILDISTÍMI	10
17. ANNAÐ	10
VIÐAUKI I.	12

1. AÐILAR

Samningur þessi er gerður þann 7. nóvember 2024 („samningur þessi“) og er á milli:

- A. Þeirra aðila sem eru skráðir eigendur flokka verðbréfa skv. 2.1 gr., sem gefin eru út á grundvelli útgáfuramma útgefanda, í samræmi við lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga („**kröfuhafar**“);
- B. Útgerðarfélag Reykjavíkur hf., kt. 410998-2629, Fiskislóð 14, 101 Reykjavík („**útgefandi**“); og
- C. LOCAL lögmanna slf., kt. 490217-0610, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, („**umboðsmaður kröfuhafa**“).

2. INNGANGUR

- 2.1. Samningur þessi er gerður í tengslum við óveðtryggða útgáfu skuldaskjala sem gefin hafa verið út eða verða gefin út á grundvelli útgáfuramma útgefanda, eins og hann er hverju sinni og í samræmi við grunnlýsinguna.
- 2.2. Í grunnlýsingunni er kveðið á um að skipa skuli óháðan umboðsmann kröfuhafa, fyrir hvern útgefinn flokk skuldaskjala sem hefur það meginhlutverk að gæta hagsmuna þeirra eigenda skuldaskjala sem gefin verða út undir viðkomandi flokki, og koma fram fyrir hönd þeirra.
- 2.3. Með samningi þessum er skipaður umboðsmaður kröfuhafa fyrir flokka skuldabréfa útgefnum af útgefanda á grundvelli útgáfurammans og undirgengst hann þær skyldur sem í samningnum felast og sem leiða af skilmálum skuldaskjalanna, grunnlýsingarinnar og eftir atvikum annarra skjala sem við eiga og umboðsmaður hefur sannarlega mótttekið til yfirferðar.
- 2.4. Umboðsmaður kröfuhafa er í upphafi skipaður af útgefanda. Hann ber þó eingöngu skyldur gagnvart kröfuhöfum. Útgefandi hefur ekki boðvald yfir umboðsmanni kröfuhafa og er óheimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema samningur þessi hafi sérstök fyrirmæli að geyma þar að lútandi.
- 2.5. Við undirritun samnings þessa skal hann gilda um samningssamband kröfuhafa, útgefanda og umboðsmanns kröfuhafa frá undirritunardegi. Samningar framangreindra aðila, dags. 11. nóvember 2021, með síðari viðaukum, skulu halda gildi vegna þeirra útgáfna sem þeir samningar ná til, en skulu þeir teljast vera hluti af samningi þessum.
- 2.6. Kröfuhafar veita hér með umboðsmanni kröfuhafa fullt umboð til að sinna þeim skyldum sem á honum hvíla samkvæmt samningnum og njóta þeirra réttinda sem af samningi þessum leiðir. Sami umboðsmaður kröfuhafa skal vera fyrir alla kröfuhafa í sama flokki skuldaskjala og skal hann gæta jafnræðis gagnvart þeim.

3. SKILGREININGAR

Í þessum samningi skulu eftirfarandi hugtök hafa eftirfarandi merkingu:

„**Aðildaryfirlýsing**“ merkir yfirlýsingu um aðild nýs umboðsmanns kröfuhafa að samningi þessum, eftir því sem við á, sbr. viðauka I við samning þennan.

„**Flokkur skuldaskjala**“ merkir þau skuldaskjöl útgefanda sem hafa sama auðkenni og eru að öllu leyti með sömu skilmála, fyrir utan fjárhæð, og ef um er að ræða skuldabréf, dagsetningu fyrstu vaxtagreiðslu og vaxtadag.

„**Grunnlýsingin**“ merkir grunnlýsingar útgefanda, gefnar út í tengslum við skráningu skuldaskjala á

skipulegan markað eins og þær eru gefnar út af útgefanda og eru í gildi hverju sinni, fyrst gefin út 6. maí 2022, með síðari útgáfum 22. ágúst 2023 og 5. september 2024, síðari viðaukum og uppfærslum, vegna útgáfurammans.

„**Samningur við staðfestingaraðila**“ merkir samning við staðfestingaraðila, milli útgefanda, staðfestingaraðila og umboðsmanna kröfuhafa, dags. 11. nóvember 2021.

„**Samstæðan**“ merkir útgefanda og öll dótturfélög hans, eins og þau eru á hverjum tíma.

„**Skuldaskjöl**“ merkir skuldabréf og víxla, og skilmála þeirra, sem gefin hafa verið út eða kunna að vera gefin út af útgefanda innan útgáfurammans.

„**Staðfestingaraðili**“ merkir staðfestingaraðila eins og hann er skilgreindur í samningi við staðfestingaraðila dags. 11. nóvember 2021 en hann hefur það hlutverk að fara yfir og staðfesta forsendur og útreikninga í skýrslu útgefanda eins og nánar er kveðið á um í samningi við staðfestingaraðila.

„**Útgáfuramminn**“ merkir útgáfurammi útgefanda á skuldaskjölum sem lýst er í grunnlýsingunni. Hámarks nafnverð allra útgefinna skuldaskjala sem gefin verða út innan útgáfurammans skal ekki vera umfram 15.000.000.000 kr. (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum myntum) nema tilkynnt verði um breytingu á stærð útgáfurammans.

4. STAÐA OG HÆFI UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

- 4.1. Umboðsmaður kröfuhafa skal vera óháður samstæðunni í störfum sínum fyrir kröfuhafa. Umboðsmaður kröfuhafa og sá starfsmaður sem sinnir verkum hans, skal ekki hafa starfað fyrir samstæðuna á síðustu tveimur árum, hvorki beint né óbeint, og er honum óheimilt taka að sér störf eða verkefni fyrir samstæðuna á gildistíma samnings þessa.
- 4.2. Umboðsmaður kröfuhafa skal búa yfir nægilegri þekkingu til að gegna starfinu. Umboðsmaður kröfuhafa skal vera lögmannsstofa, endurskoðunarskrifstofa, fjármálafyrirtæki eða annar aðili með sérþekkingu á viðkomandi sviði, með fullnægjandi þekkingu á verðbréfamarkaði og fjármögnun sambærilegra félaga og útgefanda og að öðru leyti með burði til að gegna hlutverkinu, meðal annars með tilliti til stærðar og rekstraröryggis.
- 4.3. Umboðsmaður kröfuhafa skal vera með fullnægjandi starfsábyrgðartryggingar gagnvart tjóni sem kann að hljótast af störfum hans.
- 4.4. Umboðsmaður kröfuhafa og stjórnendur hans mega ekki á undanförunum fimm árum hafa verið lýstir gjaldþrota, leitað nauðasamninga eða heimildar til greiðslustöðvunar, eða hlotið dóm fyrir brot á lögum í tengslum við fyrirtækjarekstur.
- 4.5. Umboðsmaður kröfuhafa gerir sér grein fyrir þýðingu þess að skuldaskjöl sem gefin verða út á grundvelli útgáfurammans verða skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, auk þess sem hlutabréf og önnur verðbréf útgefanda eða dótturfélaga hans kunna að verða skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Þær aðstæður geta því skapast að umboðsmaður kröfuhafa teljist vera innherji vegna slíkra verðbréfa, sbr. meðal annars ákvæði laga nr. 108/2007 um með verðbréfaviðskipti, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerðum settum á grundvelli laganna. Umboðsmaður kröfuhafa skuldbindur sig til að vera upplýstur um slíkar reglur eins og þær eru á hverjum tíma og haga störfum sínum til samræmis við þær.

5. HLOTVERK OG SKYLDUR UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

- 5.1. Umboðsmaður kröfuhafa tekur hér með að sér að vinna þau störf sem tilgreind eru í samningi þessum og sem leiða af endanlegum skilmálum skuldaskjala og grunnlýsingunni. Hlutverk umboðsmanns kröfuhafa nær ekki til annarra atriða en tilgreind eru í samningi þessum.
- 5.2. Umboðsmaður kröfuhafa skal fá afrit af grunnlýsingunni og endanlegum skilmálum skuldaskjala hverju sinni til yfirferðar og ávallt áður en útgefandi gefur út nýjan flokk skuldaskjala.
- 5.3. Umboðsmaður kröfuhafa hefur fullt og ótakmarkað umboð kröfuhafa til að annast þau verkefni sem honum eru fengin á grundvelli samnings þessa.
- 5.4. Umboðsmaður kröfuhafa skal í störfum sínum gæta hagsmuna allra kröfuhafa gagnvart útgefanda og staðfestingaraðila. Jafnframt skal umboðsmaður kröfuhafa gæta þess í störfum sínum að mismuna ekki kröfuhöfum og að allir kröfuhafar njóti hlutfallslega jafns réttar innbyrðis.
- 5.5. Umboðsmaður kröfuhafa skal koma fram fyrir hönd kröfuhafa gagnvart útgefanda og staðfestingaraðila og annast öll samskipti við framangreinda aðila fyrir hönd kröfuhafa.
- 5.6. Ef umboðsmaður kröfuhafa verður var við vanefnd útgefanda á skuldbindingum sínum samkvæmt skuldaskjölum, skal hann senda áskorun til útgefanda um að bæta úr vanefnd innan tilskilinna tímamarka, ef við á. Verði ekki bætt úr vanefnd innan tilskilinna tímamarka eða heimild er til þess að gjaldfella kröfur samkvæmt skuldaskjölum af öðrum sökum, skal umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar í samræmi við ákvæði samnings þessa.
- 5.7. Þrátt fyrir 5.6 gr. ber umboðsmanni kröfuhafa þó ekki skylda til að hafa frumkvæði að sérstökum athugunum til að ganga úr skugga um hvort útgefandi efni skyldur sínar samkvæmt skuldaskjölum. Umboðsmaður kröfuhafa verður ekki talinn grandsamur um vanefndir útgefanda á skyldum sínum samkvæmt skuldaskjölum nema hafa fengið um þær skriflega tilkynningu og skal hann þá tafarlaust grípa til aðgerða samkvæmt 5.6 gr.
- 5.8. Umboðsmaður kröfuhafa skal varðveita öll skjöl sem hann móttækur frá útgefanda og staðfestingaraðila á grundvelli samnings þessa, og framsenda til kröfuhafa til upplýsinga. Þetta gildir þó ekki um tilkynningar um atriði sem útgefandi tilkynnir eða hefur tilkynnt á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem skuldaskjöl hafa verið tekin til viðskipta.
- 5.9. Umboðsmanni kröfuhafa ber að ganga úr skugga um að farið sé að öllu leyti eftir viðkomandi reglugerðum og reglum verðbréfamiðstöðvar þegar hann sendir tilkynningar eða upplýsingar til kröfuhafa. Umboðsmanni kröfuhafa ber ekki skylda til að staðreyna efni skjala nema sérstaklega sé kveðið á um slíkt í samningi þessum.
- 5.10. Umboðsmanni kröfuhafa skal vera heimilt að óska eftir og taka við upplýsingum frá verðbréfamiðstöð um kröfuhafa á hverjum tíma og afhenda útgefanda.
- 5.11. Hafi kröfuhafar tekið ákvörðun um að gjaldfella kröfur sínar skal umboðsmaður kröfuhafa fara eftir þeim fyrirmælum sem kröfuhafar samþykkja á kröfuhafafundi um mögulegar fullnustuaðgerðir og framkvæmd þeirra.
- 5.12. Umboðsmaður kröfuhafa skal grípa til viðeigandi ráðstafana verði hann var við að staðfestingaraðili starfi ekki í samræmi við skyldur sínar samkvæmt samningi við staðfestingaraðila. Umboðsmanni kröfuhafa ber þó ekki skylda til að hafa frumkvæði að sérstökum athugunum til að ganga úr skugga um slíkt.

6. BOÐUN KRÖFUHAFAFUNDA

- 6.1. Ef umboðsmaður kröfuhafa telur nauðsynlegt eða æskilegt að bera undir kröfuhafa málefni sem tengjast skuldaskjölunum, samningi þessum, samningi við staðfestingaraðila eða öðrum atriðum, skal umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar í samræmi við ákvæði samnings þessa.
- 6.2. Umboðsmaður kröfuhafa skal, nánar tiltekið, boða til kröfuhafafundar eins fljótt og auðið er í eftirtöldum tilfellum:
 - 6.2.1. Ef útgefandi óskar eftir því;
 - 6.2.2. í kjölfar vanefnda samkvæmt skuldaskjölum, sem ekki hefur verið bætt úr, sem umboðsmaður kröfuhafa verður var við eða sem útgefandi hefur tilkynnt um;
 - 6.2.3. ef 1/4 hluti kröfuhafa, miðað við fjárhæð, óskar eftir fundi;
 - 6.2.4. ef staðfestingaraðili tilkynnir að hann muni ekki staðfesta skýrslu um fjárhagslegar kvaðir eða ef staðfestingaraðili hefur ekki sent umboðsmanni kröfuhafa niðurstöðu sína innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila; eða
 - 6.2.5. ef umboðsmaður kröfuhafa telur rétt vegna annarra atvika, sbr. og 6.1 gr.
- 6.3. Umboðsmaður kröfuhafa skal ávallt boða alla kröfuhafa á kröfuhafafundi, en einnig er honum heimilt að boða útgefanda, staðfestingaraðila eða aðra aðila telji hann slíkt nauðsynlegt eða æskilegt.
- 6.4. Umboðsmaður kröfuhafa skal boða til kröfuhafafundar með að lágmarki 7 daga fyrirvara og að hámarki 21 dags fyrirvara. Dagskrá, tillögur og gögn skulu send kröfuhöfum með sama hætti og boðun með að lágmarki 7 daga fyrirvara. Heimilt er þó að boða til kröfuhafafundar með skemmri fyrirvara ef allir kröfuhafar hafa sammælt um það.
- 6.5. Umboðsmaður kröfuhafa skal boða til kröfuhafafundar með tilkynningu til kröfuhafa í gegnum kerfi verðbréfamiðstöðvar. Umboðsmaður kröfuhafa skal tilkynna útgefanda um fyrirhugaða boðun kröfuhafafundar tímanlega til þess að gefa honum kost á því að uppfylla upplýsingaskyldu sína samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Þá skal umboðsmaður kröfuhafa tilkynna niðurstöður fundarins með sama hætti.

7. TILHÖGUN KRÖFUHAFAFUNDA

- 7.1. Umboðsmaður kröfuhafa ákveður dagskrá kröfuhafafundar.
- 7.2. Kröfuhafar skulu kjósa fundarstjóra og fundarritara á kröfuhafafundi. Fundarstjóri skal í upphafi fundar staðfesta hvort fundur sé ályktanabær, sbr. 7.3 gr.
- 7.3. Til þess að kröfuhafafundur sé ályktanabær þarf fundurinn að hafa verið boðaður í samræmi við 6 gr. og fulltrúar kröfuhafa sem fara að lágmarki með 50% atkvæðisréttar, sbr. viðmið 8.1 og 8.3 gr., við lok dags daginn fyrir fund, að vera mættir á fundinn.
- 7.4. Ef kröfuhafafundur er ekki ályktanabær vegna ónógrar fundarsóknar skal umboðsmaður kröfuhafa slíta fundi án þess að taka þar til afgreiðslu nein mál. Umboðsmaður kröfuhafa skal í kjölfar slíks fundar, án ástæðulauss dráttar, boða nýjan kröfuhafafund sem haldinn skal eigi fyrr en að 7 dögum liðnum, og eigi síðar en 14 dögum eftir þann fyrri. Sá fundur er ávallt ályktanabær, óháð fundarsókn, ef til hans var boðað með réttum hætti. Dagskrá þess fundar skal vera sú sama og boðuð var á upphaflegum fundi og skulu allir dagskrárliðir teknir fyrir. Ekki skal vera heimilt að

fresta þeim fundi.

8. ATKVÆÐISRÉTTUR Á KRÖFUHAFAFUNDUM

- 8.1. Á kröfuhafafundi miðast atkvæðisréttur kröfuhafa við uppgreiðsluverðmæti skuldaskjalanna sem eru í eigu viðkomandi kröfuhafa sem hlutfall af uppgreiðsluverðmæti allra skuldaskjala í sama flokki lok dags daginn fyrir fund.
- 8.2. Ef upp kemur ágreiningur varðandi atkvæðisrétt kröfuhafa, þá skal fundarstjóri leysa úr þeim ágreiningi og er úrlausn hans bindandi fyrir alla aðila.
- 8.3. Útgefandi og aðilar innan samstæðunnar njóta ekki atkvæðisréttar vegna skuldaskjala sem kunna að vera í þeirra eigu og skulu þau skuldaskjöl ekki talin með við afmörkun samþykkishlutfalls.

9. ÁKVARÐANATAKA Á KRÖFUHAFAFUNDUM

- 9.1. Ákvarðanir á kröfuhafafundi skulu einungis teljast samþykktar ef atkvæði eru greidd með þeim í þeim hlutföllum sem getið er í þessari 9 gr., en í öllum tilvikum skal auðum og ógildum atkvæðum sleppt við talninguna.
- 9.2. Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi (þar sem auðum og ógildum atkvæðum er sleppt við talninguna) til ákvarðanatöku.
- 9.3. Ákvörðun um að gjaldfella kröfur þarfnast samþykkis meira en 1/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi.
- 9.4. Hafi gjaldfellingarheimild myndast vegna vanefnda á greiðslu höfuðstóls eða vaxta nægir þó samþykki meira en 1/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi.
- 9.5. Eftirfarandi ákvarðanir þarfnast þó samþykkis 9/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi (þar sem auðum og ógildum atkvæðum er sleppt við talninguna):
 - 9.5.1. Breytingar á vaxtakjörum;
 - 9.5.2. breytingar á gjalddögum vaxta eða höfuðstóls, nema um sé að ræða einstaka tímabundnar undanþágur (e. waiver) sem ekki eru ákveðnar til lengri tíma en sex mánaða í senn;
 - 9.5.3. breytingar á umframgreiðslu-/uppgreiðsluheimild og umframgreiðslu-/uppgreiðslugjaldi;
 - 9.5.4. breytingar á höfuðstólsfjárhæð; og
 - 9.5.5. breytingar á samningi þessum eða samningi við staðfestingaraðila f.h. kröfuhafa. Framangreint á þó ekki við um breytingar sem leiðir af því að nýr aðili tekur við hlutverki umboðsmanns kröfuhafa í samræmi við samninginn eða leiðir af tilkynningu um nýjan viðtakanda tilkynninga eða breytt heimilisfang, sbr. 13.2 gr. eða sambærilegar breytingar á samningi við staðfestingaraðila.
- 9.6. Ákvarðanir sem teknar eru með tilskildum atkvæðafjölda á ályktanabærum kröfuhafafundi binda alla kröfuhafa.

10. BREYTINGAR Á UMBOÐSMANNI KRÖFUHAFU

- 10.1. Kröfuhafar geta tekið ákvörðun á kröfuhafafundi um að segja umboðsmanni kröfuhafa upp störfum og fela útgefanda að skipa nýjan í hans stað, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.

- 10.2. Vilji umboðsmaður kröfuhafa láta af störfum skal hann þegar í stað upplýsa útgefanda um það og skal útgefandi þá, eins fljótt og kostur er, skipa nýjan umboðsmann kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.
- 10.3. Þegar útgefandi hefur skipað nýjan umboðsmann kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, sbr. framangreint, skal fráfarandi umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar þar sem skipun hins nýja umboðsmanns kröfuhafa er lögð fyrir kröfuhafa til samþykktar. Verði tillaga útgefanda um umboðsmann kröfuhafa ekki samþykkt, skal útgefandi, í samráði við kröfuhafa eftir því sem efni eru til, skipa annan umboðsmann kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, og boða á kröfuhafafund með sama hætti. Samþykki kröfuhafafundur ekki þann umboðsmann kröfuhafa sem útgefandi hefur samið við, og ekki næst samkomulag milli útgefanda og kröfuhafa um annað, geta kröfuhafar sem fara með 1/4 atkvæða á kröfuhafafundi, samið við nýjan umboðsmann kröfuhafa með fyrirvara um samþykki kröfuhafa í samræmi við það sem mælt er fyrir um í 10.5 gr.
- 10.4. Missi umboðsmaður kröfuhafa hæfi sitt á samningstímanum, sbr. 4 gr., skal hann tilkynna um slíkt til útgefanda og láta af störfum án tafar, og skal útgefandi þá, eins og fljótt og auðið er, skipa nýjan umboðsmann kröfuhafa með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, sbr. 10.3 gr.
- 10.5. Hafi útgefandi ekki samið við nýjan umboðsmann kröfuhafa 14 dögum eftir að honum verður kunnugt um að umboðsmaður kröfuhafa hyggst láta af störfum getur 1/4 kröfuhafa, miðað við atkvæðavægi á kröfuhafafundi (þar sem auðum og ógildum atkvæðum skal sleppt við talninguna), samið við nýjan umboðsmann kröfuhafa með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, og borið undir kröfuhafafund til samþykktar. Útgefandi skal þó ekki verða ábyrgur fyrir þóknun hins nýja umboðsmanns kröfuhafa að svo miklu leyti sem samningur við hinn nýja umboðsmann kröfuhafa leiðir til verulega hærri þóknunar en samningur við fráfarandi umboðsmann kröfuhafa.
- 10.6. Þegar skipt er um umboðsmann kröfuhafa skal hinn nýi umboðsmaður kröfuhafa, eftir að kröfuhafafundur hefur samþykkt skipun hans, gangast undir að taka við öllum réttindum og skyldum umboðsmanns kröfuhafa samkvæmt samningi þessum með undirritun aðildaryfirlýsingar í samræmi við viðauka I við samning þennan. Umboðsmaður kröfuhafa sem lætur af störfum samkvæmt 10.1 til 10.3 gr. skal laus undan skyldum sínum þegar hinn nýi umboðsmaður hefur staðfest skipun sína með undirritun aðildaryfirlýsingarinnar. Þá skal fráfarandi umboðsmaður afhenda nýjum umboðsmanni öll skjöl eða gögn sem hann hefur undir höndum og nýr umboðsmaður með réttu óskar eftir, enda hafi allar útistandandi þóknanir fráfarandi umboðsmanns verið uppgerðar.

11. SKAÐABÓTAÁBYRGÐ

- 11.1. Kröfuhafi sem grípur til aðgerða sem brjóta í bága við samning þennan skal vera skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem af slíkum aðgerðum kann að leiða, í samræmi við almennar reglur.
- 11.2. Umboðsmaður kröfuhafa ber ábyrgð á störfum sínum í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Umboðsmaður kröfuhafa ber ekki ábyrgð á ráðstöfunum sem framkvæmdar hafa verið af fyrri umboðsmanni kröfuhafa. Þá ber umboðsmaður kröfuhafa ekki ábyrgð á óbeinu tjóni sem kröfuhafar kunna að verða fyrir. Þá ábyrgist umboðsmaður kröfuhafa að engu leyti greiðslur eða innheimtu krafna samkvæmt skuldaskjölum.
- 11.3. Ábyrgð umboðsmanns kröfuhafa takmarkast þó við þá fjárhæð sem hægt er að krefjast, og fæst greidd, úr starfsábyrgðartryggingu umboðsmanns kröfuhafa, sbr. 4.3 gr., nema um sé að ræða

tjón sem rekja má til ásetnings umboðsmanns kröfuhafa, en í því tilviki skal skaðabótaábyrgð hans ekki sæta neinum takmörkunum.

12. TRÚNAÐUR

- 12.1. Umboðsmanni kröfuhafa er skylt að gæta fyllsta trúnaðar um hvaðeina sem hann verður áskynja um í störfum sínum á grundvelli samnings þessa, nema fyrir liggja skýr lagaákvæði eða úrskurður þar til bærs stjórnvalds eða dómstóls sem skyldi hann til að láta af hendi slíkar upplýsingar. Trúnaðarskyldan helst eftir að umboðsmaður kröfuhafa lætur af störfum.
- 12.2. Trúnaðarskyldan tekur ekki til þeirrar upplýsingagjafar umboðsmanns kröfuhafa sem honum er nauðsynleg til að vinna þau verk sem honum eru falin í samningi þessum.

13. BREYTINGAR OG TILKYNNINGAR

- 13.1. Allar breytingar sem gerðar eru á samningi þessum skulu vera skriflegar og samþykktar af kröfuhöfum í samræmi við ákvæði samningsins og undirritaðar af hálfu útgefanda og umboðsmanns kröfuhafa, fyrir sína hönd og fyrir hönd kröfuhafa.
- 13.2. Nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, skulu allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent vegna samnings þessa vera skrifleg (í bréfi eða tölvupósti) og skulu sendast til útgefanda og umboðsmanns kröfuhafa með sannanlegum hætti á eftirfarandi heimilisföng og/eða tölvupóstföng, til þess að þær geti talist gildar gagnvart gagnaðila:

(a) Ef til útgefanda:

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.
b.t. Runólfur Viðar Guðmundsson
runolfur@urseafood.is og urseafood@urseafood.is
Fiskislóð 14
101 Reykjavík

(b) Ef til umboðsmanns kröfuhafa:

LOCAL lögmenn slf
b.t. Gunnlaugur Garðarsson
gunnlaugur@locallogmenn.is
Kringlunni 7
103 Reykjavík

- 13.3. Tilkynna skal þegar í stað um allar breytingar á heimilis- eða tölvupóstfangi.

14. ÞÓKNUN UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

- 14.1. Útgefandi einn ber skyldu til að greiða umboðsmanni kröfuhafa þóknun vegna starfa hans, sbr. þó 10.5 gr., og skulu þeir gera með sér samning um þóknun til handa umboðsmanni kröfuhafa vegna starfa hans á grundvelli samnings þessa.
- 14.2. Útgefandi skal jafnframt bera allan eðlilegan útlagðan kostnað af störfum umboðsmanns kröfuhafa, eftir því sem nánar er kveðið á um í samningi þeirra á milli.

15. LÖG OG VARNARÞING

- 15.1. Um samning þennan gilda íslensk lög.

15.2. Rísi mál út af samningi þessum, skulu aðilar leitast við að leysa ágreining með samkomulagi sín á milli, en náist ekki að leysa úr ágreiningi með samkomulagi skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

16. GILDISTÍMI

16.1. Samningur þessi tekur gildi við undirritun og fellur sjálfkrafa niður þegar allar kröfur samkvæmt verðbréfunum hafa verið greiddar upp að fullu.

17. ANNÆÐ

17.1. Lagatilvísanir skulu taldar fela í sér tilvísanir til viðeigandi laga með þeim breytingum sem kunna að hafa verið settar með stoð í þeim lögum.

17.2. Tilvísanir til sérhvers aðila skulu (þar sem við á) vera álitnar tilvísanir til eða eiga við um eftirmenn þeirra.

17.3. Fyrirsagnir í samningi þessum eru eingöngu til skýringar og fela ekki í sér efnisatriði í meginmáli hans.

17.4. Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

[undirritunarsíða fylgir]

- undirskriftarsíða umboðssamnings –

Reykjavík, 7. nóvember 2024

F.h. Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

F.h. LOCAL lögmanna slf. , sem umboðsmanns
kröfuhafa

Sá sem undirritar samning þennan fyrir hönd útgefanda ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda útgefanda.

Sá sem undirritar samning þennan fyrir hönd umboðsmanns kröfuhafa ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda umboðsmann kröfuhafa.

- Skjalið er undirritað rafrænt, sjá efst á fyrstu blaðsíðu -

VIÐAUKI I.

FORM AÐ AÐILDARYFIRLÝSINGU UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

[Kröfuhafar]

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.
Fiskislóð 14
101 Reykjavík

[staður og dagsetning]

Aðildaryfirlýsing umboðsmanns kröfuhafa

Vísað er til umboðssamnings, dags. 7. nóvember 2024, vegna flokka skuldaskjala sem gefin eru út á grundvelli útgáfuramma Útgerðarfélags Reykjavíkur hf., kt. 410998-2629, sem útgefanda. Hugtök sem skilgreind eru í umboðssamningi skulu hafa sömu merkingu í yfirlýsingu þessari og þeim er þar gefin.

Í samræmi við ákvæði umboðssamnings hefur undirritaður verið skipaður umboðsmaður kröfuhafa og tekur sem slíkur við því hlutverki, ásamt öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja, og staðfestir það með undirritun sinni á yfirlýsingu þessa.

Fyrri umboðsmaður kröfuhafa skal við undirritun yfirlýsingarinnar leystur undan þeim réttindum og skyldum sem hann hafði sem umboðsmaður kröfuhafa, að því undanskildu að hann ber áfram ábyrgð á ráðstöfunum sínum sem hann framkvæmdi sem umboðsmaður kröfuhafa.

Allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent skulu sendast til umboðsmanns kröfuhafa með sannanlegum hætti á eftirfarandi heimilisfang og/eða tölvupóstfang, sbr. ákvæði 13 gr. umboðssamningsins:

[Umboðsmaður kröfuhafa], [Heimilisfang] [Tölvupóstfang]

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd umboðsmanns kröfuhafa

[Framangreint staðfest sem fyrri umboðsmaður kröfuhafa]
